

Fornleifar í Hvammi og Hvammsvík

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir

Árbæjarsafn
Fornleifastofnun Íslands
FS045-97061
Reykjavík 1998

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Markmið fornleifaskráningar	5
Fornleifaskráning í Hvammi og Hvammsvík.....	7
Minjar á skipulagssvæðinu	9
Svæðislýsing og staðhættir	9
Fornleifaskrá	11
GK-353 Hvammur	11
GK-354 Hvammsvík.....	34
Stríðsminjar	38
Verndun og kynning á fornleifum á skráningarsvæðinu	40
Heimildaskrá	43

Viðauki 1 Minjakort af Hvammi og Hvammsvík

Inngangur

Hitaveita Reykjavíkur eignaðist jarðirnar Hvamm og Hvammsvík í Kjós árið 1996 og er nú unnið að áætlunum um að skipuleggja þar nýtt útivistarsvæði. Hitaveitan óskaði eftir því við Árbæjarsafn sumarið 1997 að það léti skrá fornleifar á jörðunum. Árbæjarsafn fól Fornleifastofnun Íslands að gera skráninguna og er litið á hana sem samvinnuverkefni stofnananna.

Hvammur er landnámsjörð samkvæmt Landnámapók¹ en Hvammsvíkur er fyrst getið sem hjáleigu á 17. öld.² Búskapur var stundaður á jörðunum fram á áttunda áratug þessarar aldar, en hlutar úr jörðunum hafa verið seldir eða leigðir undir sumarbústaði. Frá árinu 1986 þegar fiskeldisfyrirtækið Laxalón hf. keypti jarðirnar, hefur verið þar aðstaða til golfiðkunar og stangveiði auk þess sem hestaleiga var rekin þar um nokkurt skeið. Svæðið er nú orðið vel þekkt sem útivistarsvæði fyrir almenning og fjölsótt, einkum á sumrin.

Af þessum sökum – og þó mest vegna dvalar bresks og bandaríks herliðs á svæðinu í seinni heimsstyrjöld – hefur orðið allmikið umrót á jörðunum.

Hitaveita Reykjavíkur hyggst ekki breyta hlutverki jarðanna, heldur auka þjónustu við útivistarfólk og fegra umhverfið og nýta í því skyni þær menningarminjar sem eru á jörðunum.

Fornleifakönnun fór fram í tveimur áföngum. Sá fyrri var unninn í september 1997 af Ragnheiði Traustadóttur sem lagði grunninn að verkinu, en síðari áfangi var unninn af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur í mars og apríl 1998. Ýmsir hafa aðstoðað við gerð þessarar skýrslu. Guðlaug H. Guðbjarnardóttir sem bjó í Hvammi, Anna Lísu Guðmundsdóttir jarðfræðingur á Árbæjarsafni, Friðþór Eydal sem kannað hefur hernaðarumsvifin í Hvalfirði, Ólafur Jónsson hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnardóttir hjá Fornleifastofnun liðsinntu öll við verkið og fá þau bestu þakkir fyrir aðstoð sína. Landmótun, sem sá um vinnslu þeirra korta sem birtast í skýrslunni aftast, fær einnig bestu þakkir fyrir framlag sitt.

¹ Íslensk fornrit I, 56-59.

² JÁM III, 431

Markmið fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum³ er kveðið á um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur laganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur það eru vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráningu á Íslandi og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búíð. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð

³ Nr. 881/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994

og er þetta vitanlega álitamál og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum.

Í þjóðminjalögum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við fornleifaskráningu er að jafnaði notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitnisburður um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujám) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.frv.) eru einnig skráðar.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 17. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það þjóðminjafirvöldum. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun þjóðminjafirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknunum, reynist þær nauðsynlegar vegna framkvæmdanna.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum á minjastöðum þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar, auk rannsókna og kynningar, en það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að hafa aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að með því vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að fornleifar finnist, öllum að óvörum, sem nauðsynlegt er að rannsaka. Tafir á framkvæmdum geta haft mikinn kostnað í för með sér. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning þjónar því bæði hagsmunum minjavörslu, rannsókna og kynningar og þeirra sem stýra landnotkun og standa fyrir framkvæmdum.

Fornleifaskráning í Hvammi og Hvammsvík

Í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Miðað er við skiptingu landsins í jarðir eins og hún var um miðja 19. öld.⁴ Fyrir hverja jörð er gert stutt sögulegt yfirlit, þar sem gerð er grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Þá er tekið saman stutt yfirlit um staðhætti, gróðurfar og jarðabætur, en þessir þættir geta varpað ljósi á hlutverk fornleifa og skýrt dreifingu þeirra. Skráningin miðar því ekki aðeins að því að safna upplýsingum um einstaka minjastaði heldur er reynt að skýra samhengi þeirra

Í fornleifaskrá er hverjum minjastað gefin auðkennistala sem samsett er úr sýslutákni, kennitölu jarðar og fornleifanúmeri (t.d. GK –354:001 fyrir Hvammsvík). Sýslutákn er tveggja stafa skammstöfun en kennitala jarðar er hlaupandi þriggja tölu númer tekið eftir Jarðatali Johnsens frá 1847. Fornleifum eru síðan gefin númer innan hvernar jarðar og eru lægstu númerin yfirleitt minjar heima við bæ og í túni en hærri númer á minjum sem eru lengra frá bæ. Á eftir númeri fornleifa í skránni kemur heiti þeirra ef eitthvert er og þá skilgreining á tegund leifanna og hlutverki þeirra ef það er þekkt. Þar sem getur um „heimild“ – t.d. um útihús – er átt við að eingöngu séu til heimildir um minjarnar en þær hafi ekki fundist á yfirborði við skrásetningu. Þar á eftir er gefin upp hnattstaða í gráðum og mínútum. Mælingin er gerð með staðsetningartækjum og er einatt mælt í miðju rústa eða rústasvæða. Þessu næst er staðsetningu fornleifanna lýst, sagt hvernig best er að komast á staðinn þar sem það á við og gefin lýsing á leifunum. Þá er gert mat á þeirri hættu sem að minjunum kann að steðja og vísað í heimildir um minjastaðinn ef til eru.

Minjar sem tengjast hernaðarumsvifum á Íslandi í seinni heimsstyrjöld njóta ekki lögverndunar eins og þær minjar sem eldri eru en hundrað ára. Í lögunum er þó heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Gefur engu að síður auga leið að herminjar í Hvammi og Hvammsvík eru ómetanleg heimild um hlutdeild Íslands í einhverjum mestu stríðsátökum mannkynssögunar.

Við þessa fornleifaskráningu voru helstu stríðsminjar í landi Hvamms og Hvammsvíkur skráðar, þótt þær teljist ekki til fornleifa í skilningi laganna, en ekki var ráðist í rækilega úttekt á þessum leifum og eru þær skráðar á 8 númer þó þær séu í raun miklu fleiri. Það væri þó sannarlega verðugt verkefni og væri full ástæða til að gera ítarlega úttekt á stríðsminjum í Hvammi og Hvammsvík með það fyrir augum að nýta þær til að kynna sögu Íslands og Hvalfjarðar sérstaklega á árum seinni heimstyrjaldarinnar.

Á jörðunum tveimur eru sýnileg merki um fornleifar á 16 stöðum og til eru heimildir um fornleifar á 41 stað í viðbót, en þeirra sjást ekki merki lengur. Alls eru 73 fornleifar skráðar á jörðunum og eru þar á meðal 8 þjóðsögustaðir. Erfitt getur verið að ákvarða af hvaða sökum minjar sjást ekki á yfirborði en sjaldnast er það svo að þær séu algerlega horfnar heldur hafa þær oft verið sléttaðar undir tún eða lent undir byggingum og geta leifar þeirra þá komið í ljós við framkvæmdir síðar.

Minjar á skipulagssvæðinu

Svæðislýsing og staðhættir

Hvammur og Hvammsvík, sem er syðri bærinn, standa við sjó á suðurströnd Hvalfjarðar, á tanga sem gengur norður í fjörðinn, en suður af þeim gnæfir Reynivallaháls. Austan við bæina þrengist undirlendið mjög og eru snarbrattar skriður milli Hvamms og Hvítaness sem er næsti bær fyrir innan. Þar er Markagil landamerki Hvamms að austan. Vestan við bæina er undirlendið hinsvegar meira og er þar víðáttumikið votlendi sem hefur nú að mestu verið ræst fram. Yst í landinu heitir Rauðamýri, og liggur hún upp að Hálsenda og niður að sjó og eru merkin við Neðra Háls um hana.⁵ Bæirnir stóðu báðir með 200 metra millibili sunnan undir hólum sem heita einu nafni Hvammshólar. Tún bæjanna lágu saman og eru núverandi bæjarhús, sem reist voru í byrjun fjórða áratugarins, á gömlu bæjarstæðunum. 1840 voru tún jarðanna talin þýfð, tyrjótt og arðlítill. Mýrarengin vestan við bæinn voru sögð víðslæg og landrými talið allgott og vetrarhagbeit var þar einnig talin til gagns,⁶ enda er að jafnaði snjólétt með ströndinni. 1705 var túnið talið meinþýft til skaða og kvarta bændur undan því að sjávarsandur fjúki á tún Hvammsvíkur en sandur úr melhólum á Hvammstúnið. Þá er því einnig haldið

⁴ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn 1847

⁵ Örnefnaskrá Hvamms og Hvammsvíkur.

fram að engin spillist af skriðum en vetrararbeit er talin helsti kostur jarðarinnar þó sauðfé sé hætt við sjávarflóðum. Þá er einnig kvartað yfir því að stórviðrasamt sé á jörðunum, svo mjög að hætt sé bæði húsum og heyjum og er fullyrt að af þessu hljótist skaði á nálega hverju ári. Þrátt fyrir þessa ókosti leynir sér ekki á lýsingu jarðabókarinnar að Hvammur var kostajörð. Þar var nægur mór til eldiviðar og þar að auki þang, talsverð selveiði, rekavon nokkur, sölvaðjara og skelfiskjara næg. Þá voru góðar slægjur í Hvammsey og þar hafði verið gott eggvarp af æðarfugli og öndum en 1705 hafði lundi útrýmt öndunum og var lundatekja notuð til beitu.⁷

Þessi upptalning gefur nokkra hugmynd um búskaparskilyrði í Hvammi en jörðin var stórbýli á miðöldum og þar voru jafnan þrjú bú (með Hvammsvík) frá því á 17. öld.

Gömul þjóðleið lá fyrir sunnan bæina í snarbröttum skriðum í norðurhlíðum Reynivallaháls. Eru heimildir til um að hreppaflutningur þótti erfiður og hættulegur yfir torfæruskriður í brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan,⁸ og að það hafi oft verið ískyggilegt að ríða milli Hvítaness og Hvamms vegna tíðra og snarpra hvirfilvinda.⁹ Af þessum sökum mun þessi leið ekki hafa verið mikið notuð af öðrum en þeim sem fóru milli bæjanna Hvítaness, Hvamms og Neðri Háls en þjóðleiðin úr Brynjudal í Kjós lá um Fossárdal austan við Hvamm.¹⁰ Hvammur gat því verið fremur afskekkt jörð, einkallega þegar ekki var fært á bátum um fjörðinn.

Hvalfjörður er djúpur og í honum eru góðar náttúrulegar hafnir á nokkrum stöðum og urðu verslunarstaðir til þar fyrir á öldum. Svartidauði kom til Íslands með skipi sem lenti í Hvalfirði árið 1402 og er oft getið um skipakomur í firðinum á miðöldum án þess að höfnin sé tilgreind nákvæmlega. Maríuhöfn í Kjós, sem var verslunarstaður á miðöldum og með stærstu kaupstöðum á landinu á 14. öld, er í landi Háls rétt vestan við Hvamm. Þá var ágætt uppsátur í Hvammsvík og þótti gott útræði þaðan þó ekki hafi það verið notað af öðrum en heimamönnum svo vitað sé.¹¹ Höfnin í Hvítanesi er skammt austur af Hvammsvík. Þar höfðu breski og bandaríski herinn mikil umsvif á árum seinni heimsstyrjaldar, en einnig við Hvamm og Hvammsvík eins og glögglega má sjá af rústum þar enn í dag. Var Hvalfjörður talinn mikilvægur vegna yfirráða á Norður-Atlantshafinu í stríðinu. Þar var skipalægi og viðkomustaður skipalesta á leið milli Bandaríkjanna og Rússlands.

⁶ SSGK, 255.

⁷ JÁM III, 433-34.

⁸ JÁM III, 434.

⁹ Daníel Daníelsson, Í áföngum, Reykjavík 1937.

¹⁰ SSGK, 251.

¹¹ JÁM III, 433. SSGK, 250.

Samkvæmt túnakorti, sem gert var árið 1917, hafði meirihluti hinna gömlu túna þá þegar verið sléttaður og voru aðeins litlir þúfnablettir eftir hér og þar.¹² Í stríðinu urðu túnin fyrir miklum skemmdum vegna hernaðarumsvifa, en síðan hafa þau verið sléttuð á nýjan leik og stækkuð til suðurs með því að ræsa fram mýrar. Eftir að búskapur lagðist af var Hvammstúnnum breytt í golfvöll en Hvammsvíkurtún hafa verið látin halda sér. Stór hluti af láglandi jarðanna er blautlendur en þar sem þurrara er hefur verið töluverður uppblástur og eru víða berir melar innan um mýraflákana þar sem áður hefur verið haglendi og sennilega skógur á landnámsöld.

Fornleifaskrá

GK-353 Hvammur

Hvamms er getið í Landnámu, en þar segir: „Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tigur nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólnum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar.“¹³ Landnám Hvamm-Þóris er talsvert víðara en land það sem tilheyrir Hvammi á seinni öldum. Höfundur Landnámu hefur gert ráð fyrir að Hvítanes, Neðri Háls og hugsanlega fleiri jarðir sunnan undir Reynivallahálsi hefðu byggst úr landnámi Þóris. Höfundur Harðar sögu hefur tekið upp þann sama þráð en í þeirri sögu segir frá blóðugum viðskiptum Orms Hvamm-Þórissonar úr Hvammi og þeirra Hólmerja, sem stálu af honum tólakistu hans. Segir að þeir hafi skilað henni í naustið að Hvammi og sett undir húfinn á skipi Orms. Ormur er talinn meðal héraðshöfðingja enda á hann greinilega að hafa verið sonur landnámsmannsins og er eins og í Landnámu gert ráð fyrir að land þeirra feðga hafi upphaflega verið mun stærra en síðar varð, því að Ormur er látinn gefa Bolla þræli sínum land á Bollastöðum, sem er á milli Háls og Valdastaða sunnan undir Reynivallahálsi.¹⁴ Í byrjun 18. aldar þurftu ábúendur á Hvítanesi að sækja mó til Hvamms og gáfu 15 álnir fyrir 20 feta mógröf í Hvammslandi. Einnig þurftu þeir að kaupa hestagöngu og sauðabreit um af nágrennabæjunum Hvammi og Fossá.¹⁵ Hvítanes hefur því greinilega haft verulega takmörkuð landgæði og gæti það stutt þann skilning fornritanna að minni jarðir hafi skipst úr landnámi Hvamm-Þóris á jöðrum þess.

Í Sturlungasögu er getið Jörundar hins mikla úr Hvammi en hann var með Þorleifi í Görðum í Bæjarbardaga 1237 og má ráða af samhengi að hann hafi verið fyrirliði

¹² Túnakort af Hvammi og Hvammsvík.

¹³ Íslenzk fornrit I, 56-59.

¹⁴ Íslenzk fornrit XIII, 65, 86-70 og 79. Um eyðibýlið Bollastaði sjá JÁM III, 428.

manna úr Kjós og Hvalfirði. Eftir bardagann var rænt í Saurbæ og Hvammi og bendir það til að búið í Hvammi hafi þá verið með hinum stærri í héraðinu.¹⁶

Elsta heimild um kirkju í Hvammi er í Hítardalsbók frá árinu 1367.¹⁷ Þar er þó aðeins ágrip af máldaga kirkjunnar, en allur máldaginn hefur varðveist í Vilchinsbók frá 1397. Kirkjan var helguð heilögum Lúkasi og átti Hvammsey auk sex kúgilda. Þá var hún ágætlega gripum búin miðað við útkirkjur þeirra tíma og átti m.a. smelltan kross, líkneski af Maríu og Lúkasi, glitað altarisklæði, kertistiku, fornan dúk og litlar klukkur.¹⁸

Kirkjan í Hvammi var hálfkirkja, en það þýðir að aðeins var messað þar annan hvorn helgan dag. Prestur var ekki í Hvammi heldur kom annar af tveimur prestum á Reynivöllum þangað til að syngja messur og tíðir með reglulegu millibili. Þó ekki séu til eldri heimildir um kirkjuna í Hvammi en frá 14. öld er ekki ástæða til annars en að ætla að kirkja hafi verið þar allt frá 11. öld en þá er talið að flestar kirkjur hafi verið byggðar á Íslandi.

Máldagi var aftur skrifaður fyrir Hvammskirkju árið 1497 en þar er ekki getið um annað en kúgildin og Hvammsey.¹⁹ Kirkjan var hinsvegar vígð 1502 og er vígslumáldagi hennar frá því ári varðveittur. Þar kemur fram að kirkjan hefur eignast skógartungu í Skorradal. Í tilefni af vígslunni var leyfi gefið til að vígja saman hjón, skíra börn og leiða konur í kirkju eftir barnsburð. Þá vígði Stefán biskup sérstaklega líkneski Lúkasar guðspjallamanns og verndardýrlings kirkjunnar og gaf hverjum þeim 40 daga aflát sem bæri líkneskið í skrudgöngum, sem voru hluti af helgihaldi í kaþólskum sið, eða gerði kirkjunni nokkuð gagn.²⁰

Í máldaga frá um 1570 er enn talin sama fasteign kirkjunnar en einnig er getið um gamlan altarisbúning, vænar klukkur, glóðarker, tvær gamlar bækur og einn kaleik.²¹ Um dýrleika Hvamms er fyrst getið í þessum máldaga og er jörðin öll þá metin á 60 hundruð en það taldist stórbýli og hafa ekki aðrar jarðir verið dýrari í Kjós en Hvammur, að undanskuldum Reynivöllum og Meðalfelli sem voru kirkjustaðir.

¹⁵ JÁM III, 435.

¹⁶ SturlR I, 405 og 407.

¹⁷ DI III, 218.

¹⁸ DI IV, 118.

¹⁹ DI VII, 375.

²⁰ DI VII, 609-610

²¹ DI XV, 632

Ekki er vitað hverjir bjuggu í Hvammi á seinni hluta miðalda en ætla má að það hafi verið efnameiri bændur sem höfðu efni á að halda við kirkjunni. Víglumáldaginn frá 1502 bendir í þá átt, því að á sama tíma voru margar minniháttar kirkjur á borð við hálfkirkjuna í Hvammi að leggjast af. Það hefur því verið efnamikill maður og sennilega áhrifamikill, sem réðst í að byggja nýja kirkju og fá biskup til að veita henni réttindi á borð við aflát en þau voru mjög eftirsótt á þeim tímum. Á seinni hluta 16. aldar bjó í Hvammi Hannes Ólafsson lögréttumaður (kemur við skjöl á árabílinu 1565-1590) og eftir hann sonur hans Jón, sem var líka lögréttumaður og hreppstjóri í Kjósarhreppi og stóð í margskyns málastappi á alþingi á árunum 1619-1662. Sonur Jóns hét Ólafur og mun hafa búið í Hvammi eftir föður sinn en um 1700 höfðu börn Ólafs erfð hann og jörðina og voru þá 5 systkin eigendur að Hvammi, en Hvammsvík var orðin sérstök eign sem gengið hafði úr ættinni fyrir miðja öldina þegar Ólafur Hannesson, bróðir Jóns lögréttumanns, seldi 12 hundraða erfðahlut sinn Brynjólfi biskupi í Skálholti.²² Eitt systkinanna, Eyjólfur Ólafsson, sem var húismaður á Akranesi lýsti því með bréfi hinn 13. mars 1709 að hann ætti fimmtung í Hvammi sem væri alls 60 hundraða jörð. Eyjólfur segir að hann fái nú jarðarhluta sinn varla byggðan „nema til hýsingar fátækra sveitarómaga og tíundargjalds þeim, sem búa á hinum hluta jarðarinnar”.

Eyjólfur getur um hálfkirkjuna og segir að Hvammsey, sem liggir undir kirkjuna, hafði áður verið slægjuland en að nú spretti lítið gras á henni „eða nær að segja ekkert”. Hann getur þess einnig að skógarítakið, sem kirkjunni er eignað, sé í Skógartungu í Vatnshornskógi í Skorradal. Þá lýsir hann því að kirkjan eigi kaleik með patínu úr silfri, ein gömul messuklæði og tvær litlar klukkur.²³ Kirkjunnar er einnig getið í jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín um Kjósarhrepp sem tekin var saman 1705. Þar er kirkjuvegur sagður örðugur og langur.²⁴

Í jarðabókinni er dýrleiki allrar jarðarinnar sagður vera 60 hundruð, en af þeim er hjáleigan Hvammsvík metin á 12 hundruð. Þá var tvíbýli í Hvammi en bóndinn í Hvammsvík leigði auk þess 4 hundruð af Hvammi og hafði þannig alls 16 hundruð af jörðinni undir bú sitt. Þessi skipting milli jarðanna hélst óbreytt fram á 19. öld en í

²² JÁM III, 431, 433. JÁM XIII, 70-71, 74-76, 85.

²³ JÁM XIII, 70-71

²⁴ JÁM III, 430-434.

skýrslu sýslumanns frá 1840 er Hvammur þó aðeins talinn vera 40 hundruð og Hvammsvík þeim mun meira eða 20 hundruð.²⁵

Í jarðabókinni frá 1705 eru tveir bæir nefndir í landi Hvamms, sem ekki eru til aðrar heimildir um. Það eru Naglastaðir, sem þá voru tóftir langt innan landamerkja, og tómtúsið Ásmundarstaðir, sem hafði verið í eyði í meira en tuttugu ár. Ekkert er vitað um byggð á Naglastöðum og eru tóftir þeirra ekki þekktar en Ásmundarstaðir hafa verið innantúns og mögulega orðið til um svipað leyti og Hvammsvík en hjáleigubýggð efl-dist mjög á Íslandi um miðja 17. öld. Þá hafa hugsanlega verið fjögur bú á Hvammsjörðinni á tímabili en fækkað síðan fljótlega aftur í þrjú. 1847 bjuggu þrjú leiguliðar í Hvammi auk eins í Hvammsvík.²⁶

Ekki er annað að sjá en vegur Hvamms hafi verið mikill á 16. og 17. öld – og sennilega ekki síður á miðöldum þó minna sé um það vitað – en upp úr 1700 virðist jörðinni fara hnignandi og er helst að sjá að eftir það hafi þar lengst af búið leiguliðar. Börn Ólafs Jónssonar sem áttu jörðina um 1700 seldu sína hluta ýmsum mönnum og gengu þeir jarðarhlutar síðan kaupum og sölum alla 18. öldina. Eftir 1780 átti Páll Jónsson, hospitalshaldari í Gufunesi með meiru, þó meirihluta jarðarinnar að því er virðist um alllangt skeið en ekki er vitað til þess að hann hafi nokkur tíma búið þar.²⁷

Kirkjan í Hvammi var tekin af með konungsbréfi 17. maí árið 1765,²⁸ en um það leyti voru flestar útkirkjur sem enn voru eftir í landinu lagðar niður. Skógurinn sem kirkjan átti í Skorradal mun þá hafa lagst undir jörðina en í jarðabók frá 1804 er getið um hann.

GK-353:001 bæjarhóll bústaður 64°22.517 N 21°34.739 V

Bæjarhóllinn í Hvammsvík er sunnan undir Hvammshólum á tanga sem gengur út í Hvalfjörð. Íbúðarhús byggt 1932 stendur á bæjarhólnum og bygging þess hefur vafalaust raskað eldri byggingaleifum. Bæjarhóllinn virðist þó óskemmdur á bak við húsið og til hliðar við það, en fyrir framan það hefur hann verið sléttaður undir bílastæði. Í norðvesturjaðri bæjarhólsins sjást merki rústa, sem gætu verið leifar Hvammskirkju sbr. 002. Annarra mannvirkjaleifa sér ekki stað á yfirborði. Lítið er

²⁵ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, 101.


²⁶ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, 101.

²⁷ Alþ. Í. XVI, 397, 399-400, 524, 530; XVII, 140.

vitað um gamla torfbæinn í Hvammi en sumarið 1909 tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu. Hann reif þá austurbæinn en byggði upp í Hvammsvík. Í október 1997 var grafið fyrir vatnslögn í bæjarhólinn. Við þær framkvæmdir komu í ljós mannvistarleifar allt frá landnámi.

Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917.



GK-353:002 leifar útkirkju 64°22.512 N 21°34.730 V

Ekki er nákvæmlega vitað um staðsetningu Hvammskirkju, en staðkunnugir telja að hún hafi staðið skammt vestan við bæinn. 20-30 m norðvestan við þar sem steipt íbúðarhús stendur nú sést í mannvirkjaleifar. Þær eru fast ofan við vegarslóða sem liggur frá bæjarhlaðinu út að Mjóáósi. Þær eru undir karlateigi 1 á golfvellinum og gætu verið leifar kirkjunnar. Jarðefni í teiginn hefur verið bætt ofan á, en ekki hefur verið hróflað við rústinni. Þar sem rústin er hallar landinu nokkuð. Á þessu svæði hafa verið þó nokkrar framkvæmdir á síðustu árum.

Máldagar kirkjunnar eru þessir:

[1367]: xlv. Lucaskirkia j Huamme j kios a huamsey og sex kugillde

²⁸ Sveinn Nielsson: Prestatal og prófasta, 114.

les Vilchinsbok þui það er eins; Hítardalsbók DI III 219

1397: CXXX. Hvammur.
 Lucaskirkja j Hvammi i Kios aa Hvamsey oc vj kugilldi.
 smelltan kross. Mariuskriptt forn. Lucasskriptt. paxspialld. alltarisklædi glitad oc forn dvkur
 einn. kluckur ij litlar hangandi.
 Jtem bialla kolflaus og a ij boror.
 Jtem onnur kolflaus minne. glodarkier. ein kiertistika med kopar.
 var alltarisklædid oc dvkurinn med metinn firir halfa mork það sem adur er skrifad. Máld DI
 IV 118

1497: Anno domini M°. cd xcvij.
 Kirkia hins heilaga luce ewangeliste j huammi I kios a huammsey.
 iij. kyr og iij. asaudar kugilldi og vc at auk I fridum peningum. DI VII, 375

1.9.1502: Mældage Hvamskyrkiu i Kios.
 Vær Stefan med gudz näd biskup i skalholhti giorum godum onnum kunnigt med þessu voru opnu brefi.
 at i heidur vid Gud fodr og son og helgananda. sanctum Dei genetricem Mariam og hin heilaga Lucam
 evangelistam hofum vier vigt kirkiuna i Hvamme i Kiös med þeim maldaga at hún ä vj kugilldi og
 Hvamsey med ollum gognum og giædum. þar med skogartungu i Skorradal er liggr næst Reynevalla
 skögi upp fra. so og hofum vier leifi til gefit at þar se saman vigd gion og born skird og konur i kirkiu
 leiddar þeirra manna sem þar eru heimilisfaster. þar skulu og takast heima tiunder og lysetollar bónda
 og husfreyju og allra þeirra manna sem þau hallda á sinn kost. þar skal syngia annan hvern sunnudag
 þa at prestar fiolgaz og mulig kennimanna skipun verður at forfallalavsu og giallda presti xij aura j
 kaupit. hofum vier skipat at kirkiudagurin þar skal vera halldinn uppa sancte Lucas dag en syngia af
 honum næsta daginn epter. hier med hofum vier vigt þar likneski sancte Luce ewangeliste og gefum
 hverium xl daga aflät skriptborina synda þa er þat er borit i processionem. edur i gagndogum. og þeim
 goda hluti giora kirkiunne og i hvert sinn sem þeir fremia sina godgiorninga vid greinda kirkiu. Og til
 meiri sanninda hier um festum vier vort innsigli fyrir þetta bref er skrifat var a Reynevollum i Kios in
 festum sancte Eggidij abbatis anno domini M. v hundrud og ij är. Vmáld DI VII, 609-10 [Afskr í
 vísitatiubók Borgarfj. próf.dæmis 1705-30 eftir staðf. transscr. frá 31.3.1670 af gömlu pergamentsbréfi
 með hangandi innsiglum; Lbs 107 4to, 401-402]

1575: CLIV.
 Huammur.
 Hálfkirkian i Huamme i Kios. ä v kijr. og eitt äsaudar kugillde.
 Jtem i kirkiunne. eirn gamall alltarisbuningur. ij kluckur vænar... vatzklucku litla. glödarkier.
 ij bækur gamlar. Jtem eirn kaleik.
 gardurinn Lxc.
 Lausagötz xxxc. Máld DI XV 632

1705: "Hjer er hálfkirkja og embættið framið, þá heima fólk er til sacramentis, þjónar
 sóknarpresturinn að Reynivöllum Sr. Torfi Halldórsson þessari kirkju." "Hólmi liggur fyrir landi,
 sem kirkjunni er eignaður, kallaður Hvammsey. Þar hefur til forna verið eggvarp gott af æðarfugli
 og öndum, en er nú eyðilagt af lunda." "Skógarítak eignar menn kirjunni í Skorradal í
 Vatnshornslandi millum Reynivallasógs og Háafellsskógs, en þetta ítak er ekki mótmælislaust af
 Oddi Eiríkssyni að Fitjum í Skoradal og hefur lengi ekki brúkast." JÁM III, 430, 433, 434.
 17.5.1765: Bænhús í Hvammi lagt niður; (PP, 114) [konungsbréf]

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar.

Heimildir: DI III, 219; DI IV, 118; DI VII, 375, 609-610; DI XV, 632;
 JÁM III, 430, 433, 434; Sveinn Nielsen: Prestatal og prófaste, 114.

GK-353:003

heimild um útihús 64°22.517 N 21°34.739 V

1917 stóð útihús um 15 m norðvestan við gamla bæinn. Þar er nú vegur en litlu
 norðvestar er þjónustuskáli fyrir kylfinga og veiðimenn. Útihúsið sést ekki á
 loftljósmynd sem tekin var árið 1946 og hefur þá verið búið að rífa það. Fyrir
 vestan þennan stað eru aflíðandi tún en fyrir austan vegarlóði til norðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012.

GK-353:004 heimild um útihús 64°22.510 N 21°34.745 V

Útihús var um 80 m sunnan við bæinn. Það er nú komið undir heimreiðina.

Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012.

GK-353:005 heimild um útihús 64°22.510 N 21°34.740 V

Um 70 m suðaustur af bænum var útihús árið 1917. Þarna er brekka rétt austan steypis útihúss.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:006 heimild um útihús 64°22.519 N 21°34.740 V

Útihús er sýnt tæpa 50 m austur af bænum á túnakorti frá 1917. Ekki sjást nú leifar þess en það hefur verið í brekkunni austan íbúðarhússins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:007 heimild um útihús 64°22.522 N 21°34.740 V

Útihús stóð fáeinum metrum frá norðurgafli bæjarins 1917. Ekki er óhugsandi að leifar af því megi finna í bæjarhólnum en engar leifar sjást á yfirborði. Á svæði því sem hús þetta hefur staðið er svolítill hæð en vestan hennar er bæjarhlaðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:008 heimild um útihús 64°22.522 N 21°34.740 V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús u.þ.b. 7 metrum norðan við bæinn. Þar sjást nú engar tóftir en sennilegt er að leifar útihússins sé að finna í bæjarhólnum norðanverðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:009 heimild um útihús 64°22.301 N 21°34.713 V

Um 160 m norðvestan við bæinn (001) er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið um 30 m norðan við 011 en engar minjar þess sjást lengur í sléttu túninu. Að vestan er brekka upp að bæjarhlaðinu að Hvammi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:010 heimild um útihús 64°22.243 N 21°34.778 V

Um 220 m norðvestan við bæinn (001) er á túnakorti frá 1917 sýnt útihús. Þess sjást engin merki nú og er þar nú slétt tún við Grafarós.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:011 heimild um útihús 64°22.203 N 21°34.710 V

Um 160 m vestan við bæinn (001) er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. Þar er nú slétt tún en húsið hefur staðið á flöt niðri við Grafarós. Allt í kring er sléttlendi nema að austan en þar er aflíðandi brekka heim að Hvammsbænum. Á þessum stað er í túninu dálítil hæð sem fjarar út til vesturs og gæti verið byggingaleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:012 leið 64°21.632 N 21°33.995 V

Þjóðleiðin lá fyrir sunnan Hvamm og Hvammsvík í snarbröttum skriðum í norðurhlíðum Reynivallaháls. „Hreppamannaflutningur erfiður og hættur yfir torfæruskriður í brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan.” „Klettarnir fyrir utan Miðmundarsand heita Breiðuhillur og ná alla leið út í Hálsenda, þar sem gamli vegurinn lá uppi í hálsinum.” Gamli akvegurinn lá uppi á Hálsenda, þar sem jarðirnar Háls og Hvammur liggja saman jarðirnar, niður undir Svörtukletta, upp fyrir Steðja og áfram í austurátt, en þjóðvegur var færður neðar í hlíðina um 1970, þar sem hann liggur nú. Hestamenn vilja varðveita gamla malarveginn í hlíðinni, sem enn sést vel víða og er notaður sem reiðgata. Hann er í fjallshlíðinni sunnan við núverandi þjóðveg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: JÁM II, 434; Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 3.

GK-353:013 herminjar 64°22.514 N 21°32.752 V

Efst á Hvammshöfða eru fimm steyptir húsgrunnar. Umhverfis þá eru leifar af girðingu en á þessum stað var loftvarnarbyssustæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-353:014 Naglastaðir heimild um býli/sel 64°22.291 N 21°34.544 V

„Naglastader ætla sumir að hafi verið bygt ból í Hvammslandi, og hafa það til marks, að þar hafa fundist kol og eirbrot í jörðu, og líka sjást þar tóftarleifar. Ekki vita menn til þess annað. Tvö ár ein hefur þar selstaða verið brúkuð frá Hvammi, en átölulaust Hvamms eign er þetta land um aldur og æfi, og enn þá langt þaðan til landamerkja mót öðrum jörðum. Örvænt er að hjer kunni bygð aftur að setjast án þess að jörðin sjálf, Hvammur, yrði þar með merkilega fordjörfuð. Þar með er túnstæðið mestan part í hrjósta og mosa komið" segir í jarðabók Árna og Páls frá 1705. Ekki er vitað hvar Naglastaðir voru en af lýsingunni að dæma hafa þeir verið allfjarri bænum í Hvammi en þó ekki í jöðrum jarðarinnar. Af þekktum minjum koma helst til greina gerðið 059 og Bessastekkur 037 og verður seinni staðurinn að teljast sennilegri enda mun þar hafa verið sel.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: JÁM II, 434.

GK-353:015 Ásmundarstaðir heimild um bústað 64°22.277 N 21°34.553 V


„Asmundarstader hefur verið tómthús í túninu á Hvammi. Þar var fátækur maður til hússnæðiss í þrjú ár; galt hann öngva húsaleigu og hafði ekki til viðurværis nema það, er hann aflaði af sjó. Kona hans og barn lifðu um sumar á hússgáangi. Hefur þetta tómthús yfir 20 ár í eyði verið, og mun verða um aldur og æfi" segir í jarðabók Árna og Páls frá 1705. Ekki er vitað hvar Ásmundarstaðir hafa verið í túninu og er hugsanlegt að þeir hafi verið þar sem seinna var eitthvert útihúsanna 003-011.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: JÁM II, 434-435.

GK-353:016 rétt 64°22.437 N 21°34.725 V

„Næsti skriðuhryggur fyrir utan heitir Lambahryggur, en gil upp af þessum hrygg heitir Bjarnagil. Svo fyrir utan Lambahrygginn kemur Gjásandur og þar fyrir ofan Gjábekkur og þær ná út að Sauðhól, sem er hár og nokkuð einkennilegur. Við hann var fjárrétt í mínu ungdæmi. Þar sem



réttin stóð var eins og hvilft inn í bergið, og þurfti ekki að hlaða nema á 2 vegu og svo var hóllinn svo gott aðhald þegar rekið var inn” segir í örnefnalýsingu.

Sauðhóll er myndarlegur klettahóll rétt sunnan við þjóðveginn. Hann er um 150 austan við afleggjarann heim að Hvammsvík og Hvammi. Aðhaldið er í austurhluta Sauðhólsins. Hleðslurnar eru mjög ógreinilegar, en þó djarfar fyrir vegg úr torfi og grjóti. Að utanverðu er hleðsluhæð veggjarins 60 sm en hann er hruninn inn í réttina. Lengd rústarinnar er 9 m og breidd 6 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

GK-353:017

fjárhústóft

68°22.083 N 21°34.756 V



Rústir fjárhúss með hlöðu standa við golfteig kvenna númer 7. Sneitt er af suðurenda rústanna, og hefur það sennilega gerst þegar teignum var ýtt upp. Rústirnar eru um 70 m vestan við heimreiðina að Hvammsvík

og Hvammi, um 400 m norðan við þjóðveginn.

Fyrir sunnan, norðan og vestan eru sléttar flatir en fyrir austan eru hólar. Á þessu svæði er mjög þýft.

Rústir hússins eru 9 m langar og 6 m breiðar og í þeim er 40 til 90 sm breiður garði. Þvert á skammhlið fjárhússins að norðan er hlaða eða tóft (heystæði) og er innangengt í hana úr fjárhúsunum. Hlaðan er 4 m á breidd og 7 m á lengd og

skagar dálítið út frá vesturhlið fjárhússins. Þykkt veggja er frá 1 m að 2 m. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti og eru rústir þeirra vel greinilegar.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GK-353:018 Stekkjarlækur örnefni 64°22.331 N 21°35.184 V

„Stórumóalækur rennur við endann á Stórumóum, og Stekkjarlækur er rétt fyrir sunnan Orustuflötna. Báðir renna þeir í Grafningsós” segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlækur rennur austur í Garafarós. Hvergi eru greinilegar stekkjartóftir í þýfðu mýrlendinu beggja vegna lækjarins. Ekki er óhugsandi að á þessu svæði geti verið byggingaleifar en erfitt er að greina þar nokkuð fyrir stórþýfi og sinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur.

GK-353:019 Kringlumýri mógrafir 64°22.503 21°34.211

„Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. Þar var mótekja góð á meðan entist” segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru á allstóru svæði um 400 m vestan Hvammsvíkur. Þar er mýrlent en mógrafirnar sjást enn mjög vel þó þeim hafi að einhverju leyti verið spillt með ýmsum ágangi. Þær sjást greinilega á loftljósmynd frá 1946. Mór var síðast tekinn í Kringlumýri fyrir 90 árum. Þar hefur verið aðalmótak jarðarinnar ásamt Mómýri (GK-354:011) og á öðrum hvorum staðnum hafa bændur í Hvítanesi trúlega haft 20 feta mógröf þá sem þeir leigðu árið 1705.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands. JÁM III, 435.

GK-353:020 Draganes heimild um lendingu 64°22.531 N 21°35.125 V

„Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. ... Þá er nes vestur af hólnum, sem heitir Draganes. Þar var lendingarstaður og skiparétt” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega um lendinguna en líklegasti staðurinn er suðvestantil á nesinu. Nesið er fremur lágt og þar eru mosavaxnir klettur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.


GK-353:021 Draganes heimild um naust 64°22.518 N 21°35.095 V

"Þá fer ég vestur með sjónum. Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum, kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýri, sem heitir Kringlumýri. ... Þá er nes vestur af hólnum, sem heitir Draganes. Þar var lendingarstaður og skiparétt." segir í örnefnalýsingu. Skiparéttin eða naustið sést nú ekki lengur en hefur líklega verið á nesinu sunnanverðu því landing hefur verið auðveldari þar. Draganes er fremur lágt og þar er mosavaxnir klettur.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

GK-353:022 Draganes byrgistöft 64°22.508 N 21°35.094 V



[Á Draganesi, 020 og 021] „voru líka fiskibyrgi. Þegar ég var drengur, man ég eftir, að það var róíð að hausti til og þá var saltað í þessi byrgi” segir í örnefnalýsingu. Fiskbyrgin voru á sunnanverðu Draganesi en nú er aðeins að finna illa farna rúst af einu þeirra. Hún er í fjörunni, skammt frá sjávarmáli.

Tóftin er hlaðin úr lóbörðu grjóti og er um 7x7 m að ummáli. Hún er grasi vaxin að innan og inni í henni er hrúga af rusli. Tóftin er eitt greinilegt hólf en veggjarstúfur liggur til vesturs og endar við klett sem er þar rétt vestan við.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

GK-353:023 Orustufłöt sögustaður 64°22.327 N 21°35.039 V

„Nú ætla ég að fara út með sjónum, fyrir utan ósinn. Þá kemur vellisflöt sem heitir Orustufłöt. Þar börðust þeir Hvamms-Þórir og Bárður á Þrándarstöðum út af nautgripum, sem Þórir fann, en Bárður taldi sig eiga” segir í örnefnalýsingu. Orustufłöt er slétt grasflöt sem nær norðan frá Grafarós og að Þórishólum. Frá sjávarbakkanum og að hólunum eru 150-170 m og liggur bílaslóð nú yfir flötina

miðja. „Það var kýr, sem Brynja hét og hafði gengið úti og falizt í skóginum. Þegar hún fannst, var hún með hóp af ungvíði með sér” segir ennfremur í örnefnalýsingunni.

Saga þessi er augljóslega byggð á sögu Landnámabókar um deilur Hvamm-Þóris en hér hefur Bárður á Þrándarstöðum verið settur inn í stað Refs hins gamla í Brynjudal: ”Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tigir nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólnum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4. Íslensk fornrit I, 56-59.

GK-353:024 Borgarlaugar örnefni 64°22.040 N 21°36.923 V

„Utan við hana [Selveitu], við sjóinn, eru Borgarlaugar og upp af þeim er hóll sem heitir Bullhóll” segir í örnefnalýsingu. Suðvestast á mýrar- og holtasvæði því sem er sunnan Borgartanga eru tveir pollar sem líklegast eru Borgarlaugar. Þeir eru beint fyrir norðan Bullhól 025.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:025 Bullhóll huldufólksbústaður 64°22.055 N 21°36.985 V

„Utan við [Selveitu], við sjóinn, eru Borgarlaugar og upp af þeim er hóll sem heitir Bullhóll. Þar áttu að hafa heyrst strokkhljóð til forna inni í hólnum” segir í örnefnalýsingu. Bullhóll er klettur á hólsvæði beint fyrir sunnan Borgarlaugar. Hann er suðaustast í Rauðumýri. Hæð í annars þýfðu og sléttlendu landslagi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:026 Asklok huldufólksbústaður 64°21.675 N 21°37.293 V

“Fyrir utan Bullhólslæg [sbr. 025], niður við sjóinn, kemur mýri, sem nær út að Hálsmörkum. Hún heitir Lágamýri. Svo kemur smá klettabelti en fyrir ofan það kemur Breiðamýri, sem nær líka út að mörkum. Fyrir ofan Breiðumýri er kletthóll sem heitir Asklok. Þar átti að hafa heyrzt aski skellt til forna” segir í örnefnalýsingu. Asklok er hæð sunnan við þjóðveginn beint sunnan við sumarbústaðahverfi. Fyrir sunnan er fjallshlíð en fyrir norðan mói.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.

GK-353:027 Selveita örnefni 64°22.032 N 21°36.400 V

[Utan við Breiðumýri sbr 026] „er Selveita, en ofan Langimelur og Svörtuklettur” segir í örnefnalýsingu. Vestan Langholts er lækur en vestan hans er síðan Selveita sem er þýft mýrarsvæði. Selveitan er austan vegaspotta sem liggur heim að sumarbústað. Örnefnið bendir til að þar í grennd hafi verið sel og áveita. Ekki er bent á selrústir á þessu svæði en líklegt er að selið hafi verið þar sem á seinni tímum hefur heitið Bessastekkur (sbr. 037) en hann er á rústahól við suðvesturenda Langholts, austan og ofan við Selveitu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7.

GK-353:028 Kænuhamar heimild um uppsátur 64°22.411 N 21°33.580 V

„Kænuhamar er klettur norðaustan af víkinni.” „Kænuhamar var alltaf svo nefndur í ungðæmi Kjartans [Þorkelssonar], enda var þar jafnan geymdur bátur” segir í örnefnalýsingu. Kænuhamar er fremur lágur klettur norðaustan í Hvammsvík. Kletturinn stendur út í fjöru en norðan við er dálítill grasflöt þar sem hægt hefur verið að setja upp bát.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7; Ö-Hvammur og Hvammsvík.

Athugasemdir og viðbætur.

GK-353:029 Hringur örnefni 64°22.308 N 21°34.551 V

„Heimundir túni eru Hringur ...” segir í örnefnalýsingu. Þó ekki sé víst að þetta örnefni vísi á mannvirki voru hringlaga gerði algeng með þessu nafni í eða við tún. Ekki er vitað hvar við túnið Hringur var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:030 Hóltóft örnefni 64°22.321 N 21°34.552 V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft ...” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Hóltóft hefur verið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:031 Kvíarflöt örnefni 64°22.323 N 21°34.543 V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft, Kvíarflöt ...” segir í örnefnalýsingu. Kvíar hafa verið skammt utan túns í Hvammi eins og altítt var en ekki er vitað hvar nákvæmlega eða hvort þar voru torfkvíar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:032 Torfhóll örnefni 64°22.238 N 21°34.555 V

„Heimundir túni eru Hringur, Hóltóft, Kvíarflöt ... Torfhóll og Þríshólar” segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er algengt örnefni í grennd við íslenska bæi og vísar yfirleitt á staði þar sem torf var þurrkað. Í jarðabók Árna og Páls frá 1705 er sagt að torfrista sé lítt nýtandi í landi Hvamms og Hvammsvíkur. Ekki er vitað hvar Torfhóll var nákvæmlega og er ekki óhugsandi að um sama stað og Torfahól GK-354:017 sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:033 Haugamýri þjóðsaga 64°22.188 N 21°35.796 V

„Þá er Haugamýri. Þar eru menn Þóris heygðir” segir í örnefnalýsingu. Hér er enn vísað til sagna um deilur Hvamm-Þóris við nágranna sína í Brynjudal sbr. 023. Mýrin er norðan við Langholt, um 300 m vestar en Þórishólar og Spóamýri sem hún er í raun framhald af. Mýrin er fremur slétt og sjást engin merki um hauga í eða við hana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8; ÍF I, 57-59.

GK-353:034 heimild um útihús 64°22.323 N 21°34.439 V

Um 80 m suðaustan við bæinn 001 og 15 m suðaustan við 006 er á túnakorti frá 1917 sýnt útihús. Leifar þess sjást ekki lengur. Þar sem það hefur staðið er brekka fyrir ofan eða austan núverandi íbúðarhús í Hvammi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-353:035 Skeiðarhólsflöt álagablettur 64°21.628 N 21°32.996 V

„Skeiðarhólsflöt er sérstök flöt niður að sjó milli kletta utan við Skeiðhól. Hana mátti ekki slá. Eitt sinn brá bóndinn í Hvammi af því og missti kú sína veturinn eftir” segir í örnefnalýsingu. Skeiðarhólsflöt er skammt vestan við Steðja, um 1,3 km austan við fjárréttina (016), sunnan nýja þjóðvegarins en norðan þess gamla. Flötin er smápýfð og hallandi utaní hæð milli gamla og nýja þjóðvegarins.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8.

GK-353:036 Brunnbrekka örnefni 64°22.312 N 21°34.519 V

„Upp af Hvammsbæ er svonefndur Sæmundarhjalli. Neðar er Kinn. Neðst er Dyravöllur og Brunnbrekka” segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nein merki um brunn en örnefnið bendir til að í brekkunni hafi einhver tíma verið brunnur. Brunnbrekka er grasi gróin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 2.

GK-353:037 Bessastekkur stekkjartóft 64°22.057 N 21°36.147 V



„Spóamýri er suðvestur af Óshólum, en Haugamýri [033] er næst henni ... Utar en Spóamýri er Bessastekkur” segir í örnefnalýsingu. Tóft Bessastekkjjar er utar en Haugsmýri, um 500 norðan við þjóðveginn og um 80 austan við læk sem rennur um Háumýri og Selholt. Að norðan og vestan er Selveita, sem er stórbýfð mýri. Að norðaustan er klettaholt. Aðaltóftin er á litlum rústahól í brekku ofan við mýrina. Grjót hefur

verið í veggjum stekkjjarins sem hefur aðeins verið eitt hólf, 3,5x3,5 m að innanmáli. Sunnan við tóftina er greinilegur garður sem liggur frá austri til vesturs í sveig og má rekja hann töluvert áleiðis vesturfyrir tóftina. Í kring er stórbýfi og má óglögg greina garðlag sem liggur beint niður brekkuna, vestan við tóftina.

Þessar rústir eru meiri um sig en venjulegt er með stekki og verður að teljast sennilegt að undir stekkjartóftinni séu leifar sels þess sem Selveita er kennd við. Það gæti einnig verið sami staður og Naglastaðir sem voru fornt eyðibýli er jarðabók var gerð 1705.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 3.


GK-353:038 heimild um fjárskýli 64°22.169 N 21°36.899 V

„Borgartangar eru klettatangar. Þar hefur verið fjárborg áður fyrr” segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú nein merki um fjárborg á töngunum og er nákvæm staðsetning ekki þekkt. Tanginn er fremur grösugur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 4.

GK-353:039 útihústóft 64°22.150 N 21°34.823 V



Útihústóft er 3 m austan við golfteig karla númer 8, um 15 m sunnan við 057, um 200 m sunnan við Grafarós. Rústin er á klettahæð en umhverfis er golfvöllur. Rústin er 5 x 12 m að

utanmáli. Hleðsluhæð er minnst 50 sm en mest tæpir 2 m. Veggjarþykkt er hvergi meiri en rétt rúmur metri. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti. Inni í tóftinni eru leifar bárujárnsþaks.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar.

GK-353:040 leifar skálahverfis 64°22.513 N 21°34.747 V

„Byggingasveit breska hersins hóf að byggja skálahverfi fyrir stórskotalið í landi Hvamms þá veturinn 1940-1941.” - „Sjólíðunum var búin staður í skálahverfi stórskotaliðsins að vestanverðu en stjórnstöðin var í einum bragga uppi á Hólunum.” Skálahverfið var kallað “Kampurinn” eða “Castle Hill”. Leifar herbúða eru í vestanverðum Hvammsbólum ofan við Draganes. Leifar búðanna eru að mestu leyti horfnar vegna malarnáms en nokkrir braggagrunnar sjást þó enn á stangli.

Hættumat: hætta vegna malarnáms.

Heimild: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 112, 119.

GK-353:041 leifar stjórnstöðvar 64°22.410 N 21°34.524 V

„Sjólíðunum var búin staður í skálahverfi stórskotaliðsins að vestanverðu en

stjórnstöðin var í einum bragga uppi á Hólunum.” Á Hvammshólum eru 2 grunnar, annar steypur en hinn hlaðinn. Þeir eru 7x16 m og 7x12 m að utanmáli og hefur á öðrum þeirra verið braggi sá sem notaður var sem stjórnstöð áður en steypa húsið 042 var byggt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 112.

GK-353:042 stjórnstöð 64°22.513 N 21°34.747 V

„Sama haust [1942] fékkst loks vinnuafli frá Hvítanesi til að reisa nýja stjórnstöð fyrir hafnarstjórnann og var hún tekin í notkun á aðfangadag 1942 í steinsteyptri byggingu er enn stendur þar sem hæst ber á Hvammshólum.”

Heimild: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 115.

GK-353:043 leifar tómsundaheimilis 64°22.514 N 21°32.752 V

„United States War Shipping Administration annaðist stjórn bandaríska kaupskipaflotans og skipa á vegum Bandaríkjanna í styrjöldinni. Völdu fulltrúar þess tómsundaheimili fyrir sína menn stað á Hvammshöfða þar sem ekki var talið heppilegt að blanda sjómönnum kaupskipaflotans og sjóðliðum saman við tómsundaiðkun sína. Hefur þá vafalaust verið haft í huga að bjór yrði á boðstólnum. Sjómannaheimilið var opnað í maímániði 1943.” Steypur grunnur sjómannaheimilisins, 13x31 m að stærð, er í hallanum frá flæðigrandanum á vestanverðum Hvammshöfða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 119.

GK-353:044 Bátsmýri/Falcon Point 64°22.212 21°34.182

„En rétt fyrir norðan [Arnarhól] kemur vellisblettur, sem heitir Bátsmýri og þar fyrir norðan er ávalahóll með standbergi sjávarmegin. Sá hóll heitir Bátsmýrarhöfði. Hann hefur þau einkenni, að norðast í berginu eru tveir nokkuð stórir básar, sem ganga svona 2-3 faðma inn í bergið og þar var hægt að reka þó nokkrar kindur, ef manni lá á” segir í örnefnalýsingu. „Leigði Bandaríkjafloti ... um hálfan annan hektara lands, þar sem heitir Bátsmýri, af bóndanum í Hvammsvík.” Flotinn reisti lítið braggahverfi og gerði bryggjur á fremur bröttu svæði milli holts og fjöru. Svæðið er mikið raskað.

„Sjólíðar af bandarískum herskipum hófu brátt að reisa þarna nokkra bragga yfir starfsemi sína og litla bryggju fyrir skipsbáta. Var þessi aðstaða, sem bandarískir nefndu ýmist Falcon Landing eða Falcon Beach, orðin nokkuð viðunandi í nóvemberlok [1942] með 60 m langri göngubryggju, tveimur sambyggðum bröggum fyrir óbreytta, einum fyrir undirforingja og einum bragga fyrir liðsforingja litlu utar við víkina. Var aðstaða þessi öll aukin og endurbætt árið eftir. Svæðið allt, sem í raun er lítill skagi milli Hvammsvíkur að vestan, nefndu þeir Falcon Point.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 3; Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 113-115, 120.

GK-353:045 varðstöð 64°22.410 N 21°33.901 V

„Varðstöðvar voru [við þjóðveginn og] við bryggjuna í Bátsmýri og var þangað leitað liðsinnis ef hermenn þóttu óstýrlátir.” Ein af þessum varðstöðvum er nokkurn veginn beint á móts við Selsker úti á Hvammsvíkinni. Þar eru enn miklar leifar, bæði af bryggju og nokkurum steiptum húsum. Á þessum stað er grasbali upp af fjörunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 120.

GK-353:046 heimild um útibúr 64°22.320 N 21°34.575 V

„Um veturinn fyrir jól fóru þeir tólf saman í Hvamm til Orms á náttarþeli. Ormr var eigi heima; hann var farinn nökkur at erindum sínum. Bolli hét þræll hans, er annaðist um bú hans ávallt, er Ormr var eigi heima. Þeir brutu upp útibúr hans og báru út vöru ok mat; þeir tóku kistu Orms, er gripir hans váru í, ok fóru með þetta allt á burtu” segir í Harðar sögu og hólmerja. Ekki er vitað um staðsetningu útibúrisins en líklegt verður að teljast að það hafi verið skammt frá bænum, yfirleitt stóðu slík hús heima við bæi og væri leifa þess þá að leita í bæjarhólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: ÍF XIII, 68-69.

GK-353:047 heimild um naust 64°22.514 N 21°35.101 V

„Geir vildi ráða, ok fóru þeir sex saman um nótt til nausta Orms. Þeir báru kistuna á

land ok upp í naustit ok settu undir húfínn á skipi Orms” segir í Harðar sögu. Ekki er vitað hvar þessi naust voru en vel er hugsanlegt að þau hafi verið á sama stað og naust Hvammsbænda á Dranganesi síðar (sbr. 021).

Hættumat: engin hætta.

Heimild: ÍF XIII, 70.

GK-353:048 heimild um vörðu 64°21.883 N 21°37.702 V

„Millum Hvamms, Hvammsvíkur og Neðra-Háls eru landamerki: Fast niður við sjóinn norðanvert og innanvert við Reynivallahálsenda er mýri ein nefnd Lágholtsmýri, utan til á henni niður við sjávarbakka er varða ein hlaðin af grjóti ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Þar sem merkjavarða þessi hefur verið er nú risið sumarþústaðahverfi og hefur varðan horfið vegna þess. Á merkjum niðri við sjó er nú skurður sem virðist vera einhvers konar frárennsli frá sumarþústöðunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:049 heimild um vörðu 64°21.723 21°37.486

„ ... ofar í mýri þessari [en 048] er þúfa ein af jörð sem virðist hafa verið hlaðin á klett sem þar er” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Alveg syðst í mýrinni er smáhæð með smáþúfu sem gæti verið leifar af þessari vörðu en hún hefur greinilega verið orðin óljós þegar lýsingin var skrifuð 1890. Á þessum stað er þýft mýrlendi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Landamerkjaskrá 1890.

GK-353:050 heimild um vörðu 64°21.730 N 21°37.462 V

„Merkin eru nú bein lína frá grjótvröðunni við sjóinn, yfir þúfuna í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem eru grjótvarðan við sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Ekki er nú hægt að sjá vörðu á þessum stað, skammt norðan þjóðveggar.

Heimildir: Landamerkjaskrá 1890.


GK-353:051 heimild um vörðu 64°21.631 N 21°37.375 V

„Merkin eru nú bein lína frá grjótvröðunni við sjóinn, yfir þúfuna í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem grjótvarðan við

sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni og loks þar sem vötnum hallar suður og norður af hálsendanum, frá þeirri vörðu eru landamerkin alla leið austur eptir hálsinum eptir því sem vötnunum hallar ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Ekki er lengur að sjá vörðu á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Landamerkjaskrá 1890.



GK-353:052

tóft

64°22.437 N

21°34.725 V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóaóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Austasta tóftin er ferhyrnd og um 5 m á hvorn veg. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



GK-353:053


tóft

64°22.437 N

21°34.725 V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóaóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Næstaustasta tóftin er eitt hólf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, veggjabykkt er mest um 1 m en minnst um 60 sm. Veggir eru frá 50 sm til 85 sm að hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



GK-353:054

tóft

64°22.305 N


21°34.591 V

Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóaóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans.

Næstvestasta rústin er ferköntuð og um 6 m á hvorn veg. Hún skiptist í tvö hólf og er um

2 m þykkur veggur á milli þeirra í miðjunni. Útveggir eru um 1 m á þykkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



GK-353:055

tóft

64°22.419 N

21°34.768 V



Fjórar tóftir standa í þyrpingu við sjávarbakkann, norðan við vegaslóða sem liggur milli Mjóaóss og Grafaróss, þar sem vegarslóðinn greinist í tvennt. Þýft

graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Vesasta tóftin er ógreinileg í þýfðum haganum sem þarna er en hún er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólf.

Hleðsluhæð er á bilinu 20 til 50 sm.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

GK-353:056

varða

64°21.815 N

21°36.395 V

Svörtuklettur er um 30-40 m sunnan við þjóðveg 1 og um 800 m austan við landamerki Hvamms og Neðra-Háls. Á þeim er nokkuð myndarleg grjóthlaðin varða sem sést frá þjóðveginum. Er á klettabrún, um 70-80 sm á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

GK-353:057

tóft

64°22.118 N

21°34.818 V



Um 15 m norðan við 039 er tóft. Hún er um 30 m suðvestan við greinilegan bíslóða sem liggur meðfram túnunum að sunnan og um 5 m sunnan við ógreinilegan slóða sem liggur til vesturs úr greinilegri afleggjaranum. Um 150 m sunnan við

Grafarós. Tóftin er norðan í hæðardragi en allt í kring eru fremur þýfðir móar. Tóftin er um 7 m á lengd og 3,5 á breidd. Hún er að meðaltali um 0,5 m á hæð og skiptist í tvö hólf sem eru svipuð á

stærð.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

GK-353:058 heimild um kálgarð 64°22.303 N 21°34.493 V
1917 voru þrjú kálgarðar utaní bæjarhólnum í Hvammi. Einn var áfastur bænum að austan, annar austan við útihúsið 006 en sá stærsti sunnan við bæinn og stéttina, vestan við traðirnar heima að bænum. Garðarnir eru nú horfnir vegna framkvæmda sem hafa raskað bæjarhólnum í Hvammi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

GK-353:059 gerði 64°22.449 N 21°32.984 V

Á brekkubrún um 3-4 m sunnan við slóðann upp í Hvammsey og frammi á bakka, þar sem hallar að sjó að sunnanverðu, er stór hringlaga rúst eða gerði. Það er vel gróið og nokkuð sokkið á köflum. Fjögur hólf hafa verið í því sunnanverðu. Þvermál þess er 14 m og veggþykkt frá 1 að 2 m, en mesta hæð hleðslna eru tæpir 50 sm. Fyrir gerðinu sést móta á loftljósmynd frá 1946.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

GK-354 Hvammsvík

Hvammsvík var hjáleiga frá Hvammi. Talið er að Jón Marteinsson muni fyrstur hafa byggt í Hvammsvík, en hann eignaðist jörðina í makaskiptum við Brynjólf biskup fyrir Eystra-Miðfell á Hvalfjarðarströnd um 1660. Þessi jarðarhluti mun vera þannig til kominn að 12 hundruð úr Hvammi voru erfðahluti Ólafs Hannessonar, bróður Jóns lögréttumanns í Hvammi, sem hann fékk eftir föður sinn 1609. Ólafur seldi síðan Brynjólfi biskupi hlutann og það mun hafa verið þá eða í tíð Jóns Marteinssonar sem Hvammsvík varð að sérstöku býli.

Í jarðabók Árna og Páls frá 1705 kemur fram að sr. Oddur Árnason á Kálfatjörn hafði átt jörðina til 1702 en þá hafði eignast hana Markús Brandsson á Vatnsleysu. Þáverandi ábúandi í Hvammsvík leigði einnig hluta af Hvammi og hefur

Hvammsvík því ekki verið að neinu leyti minna bú en Hvammur þar sem var tvíbyli og jafnan síðan. Yfir tún hjáleigunnar f auk skel og sjávarsandur og engi hennar þóttu nær eyðilögð af skriðum.²⁹

31.7.1749 selur Þórdís Halldórsdóttir Kort Jónssyni lögréttumanni Hvammsvík fyrir 12 hundruð með 2 ½ kúgildi.³⁰ Ári síðar eða 15.7.1750 er lýst fyrir hönd Herdísar Hallvarðsdóttur brigð í 12 hundruð í jörðinni Hvammi, kölluð Hvammsvík, og framboðnir peningar til innlausnar hennar.³¹

24.5.1792 gefur Solveig Kortsdóttir syni sínum sr. Oddi Þorvarðssyni hjáleigu í Hvammi í Kjós, Hvammsvík nefndri, 12 hundruð að dýrleika með 1 kúgildi, henni til uppiheldis fyrir lífstíð.³² 3.1.1795 selur sr. Oddur Þorvarðsson Guðmundi Þórðarsyni jörðina Hvammsvík, 12 hundruð að dýrleika með 1 kúgildi.³³

Hvammsvík var jafnan talin 12 hundruð af dýrleika Hvamms, en 1840 telur sýslumaður hana 20 hundruð.³⁴ Þó Hvammsvík væri aldrei svo vitað sé eign sömu aðila og áttu Hvamm eftir 1609 fyrr en á 20. öld þá voru formleg landaskipti aldrei gerð milli jarðanna og var beitilandi óskipt á milli þeirra.

GK-354:001 bæjarhóll bústaður 64°22.226 N 21°34.417 V
„Bærinn í Hvammsvík stendur nú á Gvendarhól [014] neðst í túni” segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús stendur um 50 m austar en gamli bærinn var samkvæmt túnakorti frá 1917. Framkvæmdir hafa raskað bæjarhólnum og hefur hluta hans verið ýtt til. Langmest spjöll hafa verið gerð norðvestantil á hólnum. Hvergi sjást mannvistarleifar á yfirborði.

Vestan og norðan við núverandi íbúðarhús er hlað en suðaustan er hinsvegar klettahóll (sbr. 014), en þar fyrir sunnan eru slétt tún.

Sumarið 1909 tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu, reif báða bæina og byggði einn vandaðan bæ í Hvammsvík og hefur það verið síðasti torfbærinn þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917, Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

²⁹ JÁM XIII, 101.

³⁰ Alp.Í. XIII, 472.

³¹ Alp.Í. XIII, 475.

³² Alp.Í. XVI, 95.

³³ Alp.Í. XVI, 235.

³⁴ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, 101.

GK-354:002 heimild um útihús 64°22.224 N 21°34.420 V
Útihús hefur staðið u.þ.b. 70 m vestan við íbúðarhúsið í Hvammsvík. Það er horfið og hefur sennilega lent undir heimreiðinni. Það sést þó ekki á loftljósmynd frá 1946 og af því má ráða að það hafi verið jafnað við jörðu áður. Þar er nú heimreið og hlað fyrir framan íbúðarhúsið í Hvammsvík.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

GK-354:003 heimild um útihús 64°22.226 N 21°34.417 V
Útihús stóð samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 um 3-4 m norðan við íbúðarhúsið í Hvammsvík. Á þessu svæði er nú bæjarhlað. Hlaðið nær yfir allstórt svæði vestan við gamla bæjarstæðið og má öruggt telja að útihúsið hafi lent undir því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-354:004 heimild um útihús 64°22.218 N 21°34.182 V
Útihús stóð samkvæmt túnakorti frá 1917 um 4-5 m suðaustur af bænum. Þar er nú bæjarhlað og sjást engin merki um útihúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

GK-354:005 heimild um útihús 64°22.218 N 21°34.182 V
Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 70 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Útihúsið hefur verið 30-40 m norðar en 007. Þar er nú sléttað tún og engar byggingaleifar að sjá. Húsið verður heldur ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur því greinilega verið jafnað við jörðu fyrir þann tíma.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012

Landmælingar Íslands.

GK-354:006 heimild um útihús 64°22.218 N 21°34.182 V
Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 60 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Þar eru

nú tún og sést ekki til hússins. Húsið verður ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur þá verið búið að jafna það við jörðu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012

Landmælingar Íslands.

GK-354:007 heimild um útihús 64°22.218 N 21°34.182 V

Útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 70 m norðaustur af bænum, niðri við víkina. Húsið hefur verið um 30-40 m sunnar en 005. Þar er nú sléttað tún og engar byggingaleifar að sjá. Húsið verður heldur ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur því greinilega verið jafnað við jörðu fyrir þann tíma.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012

Landmælingar Íslands.

GK-354:008 heimild um lendingu 64°22.186 N 21°34.177 V

„Lending góð og skipsuppsátur.” Ekki er vitað hvar nákvæmlega landingin var í Hvammsvíkinni. Austan víkurinnar er mýrlendi en syðst í víkinni er klettaborg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: JÁM III, 433.

GK-354:009 heimild um uppsátur 64°22.182 N 21°34.143 V

„Lending góð og skipsuppsátur. „ Ekki er vitað hvar nákvæmlega uppsátrið var í Hvammsvíkinni eða hvort það var á sama stað og landingin. Austan víkurinnar er mýrlendi en syðst í víkinni er klettaborg

Hættumat: engin hætta.

Heimild: JÁM III, 433.

GK-354:010 Kapratóft heimild um tóft 64°22.113 21°34.484

„Hvammsvík er syðri bærinn, en samnefnd vík er í austur frá bænum.

Austurendinn á Bæjarholti heitir Holtsendi og nær að Gjásandi. Í heimanverðum Holtsendanum eru Kapratættur.” segir í örnefnalýsingu. Kaplatættur er annað heiti á þessum stað og mun það hafa verið almennara heiti í seinni tíð. Örnefnið bendir til að þarna hafi verið hús fyrir hross.

Norðvestast í Bæjarholti, um 40 m austan við veginn heim að Hvammsvík, er dæld eða ferhyrnd þúfnaröð sem er mjög óljós og ógreinileg. Þar eru klettaborgir og fremur þýft. Dældin er um 4x3 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

GK-354:011 Mómýri örnefni 64°22.174 N 21°34,205 V

„Hvammsvík er syðri bærinn, en samnefnd vík er í austur frá bænum. ... Niður af víkinni er mýri sem heitir Mómýri. Hún má heita útgrafin og er hvít af fífu á sumrin” segir í örnefnalýsingu. Mýrin hefur verið ræst fram og er nú slétt tún og sér hvergi til mógrafa. Að austan er Hvammsvíkin, norðan vegaslóði niður að víkinni og sunnan Holtsendi. Bresk og bandarísk skálahverfi voru reist beggja vegna Mómýrar í seinni heimsstyrjöldinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

GK-354:012 Torfahóll örnefni 64°22.028 21°34.410

„Þar suður af [Haflíðahól sem er austan við Mómýri] er Torfahóll, sunnan við Hvammsvíkurholt” segir í örnefnalýsingu. Örnefnið vísar sennilega til þess að torf hafi verið þurrkað á hólnum. Torfahóll er fremur grýttur hóll en allt í kring eru holt. Gæti verið sami staður og GK-353:032.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

GK-354:013 heimild um varðstöð

„Varðstöðvar voru við þjóðveginn (og við bryggjuna í Bátsmýri og var þangað leitað liðsinnis ef hermenn þóttu óstýrlátir.” Stöðin var þar sem afleggjarinn heim að Hvammi og Hvammsvíkur liggur nú af þjóðveginum en ekki sjást leifar hennar í dag.

Heimild:Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 119.

GK-354:014 Gvendarhóll heimild um leikvöll 64°22.201 N 21°34.453 V

„ ... en fyrir vestan bæinn í Hvammsvík, neðst í túninu, er hóll sem heitir Gvendarhóll, og þar var aðal leikvöllur okkar drengjanna sem áttu heima á þessum

bæjum þegar ég var barn.” segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhúsið stendur nú á þessum hól sem er allhár en miklum hluta hans hefur verið raskað. Það er helst suðvesturhlutinn sem er óskemmdur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

Stríðsminjar

Minjar um veru breska og bandaríska hersins í Hvammi og Hvammsvík eru mikilsverð heimild um þátt Íslands í seinni heimsstyrjöld. Leifar mannvirkjanna, sem reist voru í stríðinu, eru minnisvarði um vígbúnað bandamanna gegn ógnum Þriðja ríkisins. Þær hafa jafnvel alþjóðlegt minjagildi.

Friðþór Eydal eignar Hvammsvík kafla í bók sinni *Vígdrekar og vopnagnýr*, sem fjallar um Hvalfjörð og hlut Íslands í orrustunni um Atlantshaf. Þar er sagt frá upphafi umsvifa herliðsins í Hvammsvík en breski flotinn kom sér upp stjórnstöð í bragga á Hvammshólum árið 1941, þegar umferð skipa um Hvalfjörð hófst fyrir alvöru. Fyrstu hermennirnir höfðu þó komið til Hvammsvíkur árið áður og reist búðir hér og hvar, t.d. á Hvammshólum og í Hvammsey, enda mátti ætla að stjórnstöðin og skipalægið við Hvammsvík yrðu skotmörk þýska hersins ef til átaka kæmi.

Bandaríkjafloti kom til sögunnar árið 1942 og varð þá þröngt á þingi.

Melarnir utan við Hvammshóla þóttu henta fyrir íþrótta- og tólmundaiðkanir sjóliða. „Leigði Bandaríkjafloti í þessu skyni um hálfan annan hektara lands, þar sem heitir Bátsmýri, af bóndanum í Hvammsvík. Sjóliðar af bandarískum herskipum hófu brátt að reisa þarna bragga yfir starfsemi sína og litla bryggju fyrir skipsbáta.”³⁵

Einnig voru reistar vöruskemmur í Bátsmýri og skotfærageymslur þar innan við nánast í túnfætinum í Hvammsvík. Þar var einnig yfirmannaklúbburinn í tveimur bröggum og varðstöð sem og við þjóðveginn. Í ársbyrjun 1943 var tólmundaheimili fyrir áhafnir bandarískra kaupskipa valinn staður á Hvammshöfða, en þar var m.a. að

³⁵ Friðþór Eydal: *Vígdrekar og vopnagnýr*, 113.

finna „steypiböð, þvottavélar, bar, er seldi kældan kanadískan bjór, og billjarðsstofu.”³⁶

Margar ljósmyndir frá stríðsárunum eru í bók Friðþórs Eydals og sýna mjög greinilega framkvæmdir herliðanna á jörðunum, mannvirki þeirra og loftvarnarbyssustæði.

Eins og nærri má geta höfðu umsvif herjanna áhrif á daglegt líf heimilisfólks í Hvammi og Hvammsvík „Valgerður [Guðmundsdóttir] ljósmóðir í Hvammi varð fyrir verulegum átroðningi á jörð sinni. Skemmdist m.a. æðarvarp í landi hennar og sökum eftirlits með mannaferðum nærri athafnasvæðum hersins þótti henni illa líft með skepnur við þessar aðstæður. Þá fengu gestir ekki aðgang að bæjunum nema með verulegri fyrirhöfn sökum eftirlitsins. Fór svo að hernaðaryfirvöld fóru fram á að ábúendur flyttu af báðum jörðunum meðan herlið og floti hefði starfsemi á svæðinu. Var m.a. borið við hættu sem Hvammsvíkurfólkinu væri búin af skotfærageymslum sem reistar höfðu verið í túnfætinum í Hvammsvík kæmi til loftárásar eða slyss.”³⁷

Kom greiðsla fyrir og fluttu Magnús Eiríksson og Vilborg Runólfsdóttir með börnum sínum sex frá Hvammsvík og hófu búskap að Eyrarkoti 1942. Það ár flutti einnig Valgerður í Hvammi af bæ sínum. Fjölskyldan í Hvammsvík snéri aftur þegar umsvifum lauk, en Valgerður var á braut í tvö ár og þegar hún snéri aftur var „ömurlegt um að litast á jörðinni, tún upprifin eftir bílaumferð og æðarvarp eyðilagt.”³⁸

Við lok heimsstyrjaldarinnar glötuðu hernaðarmannvirkin upphaflegu hlutverki sínu og voru nýtt til annarra þarfa eða fjarlægð og eyðilögð. Var víða gengið hart fram við að eyða ummerkjum um veru hersins á Íslandi. Þeim mun athyglisverðari verða þá þær stríðsögulegu minjar, sem orðið hafa eftir, og hefur áhugi almennings og ferðamanna vissulega aukist á þeim. Stofnað hefur verið stríðsminjasafn á Austfjörðum sem verður án efa öðrum hvatning til varðveislu heimilda um þetta tímabil í Íslandssögunni.

³⁶ Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 119.

³⁷ Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 119-20.

³⁸ Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, 120.

Herminjar eru margar greinilegar í Hvammi og Hvammsvík, fæstar heillegar, en allt um það áþreifanlegur vottur um hlutdeild Íslands í orrustunni um Atlandshaf. Ber mest á steinsteyptri stjórnstöðinni efst í Hvammshólunum sem reist var 1942 og stendur enn, því að henni var breytt í sumarbústað. Að öðrum kosti má ætla að hún hefði verið jöfnuð við jörðu eins og allflest önnur mannvirki hersins.

Verndun og kynning á fornleifum á skráningarsvæðinu

Sé haft í huga hve mikið rask hefur verið á jörðunum Hvammi og Hvammsvík í Kjós á þessari öld, kemur ekki á óvart að fornminja sem getið er í heimildum og vænta má á jörð þar sem hefur verið samfelld búseta frá landnámi, sjái óvíða stað nú orðið.

Þótt tún hafi verið sléttuð óvenju snemma, mýrar ræstar fram og uppblástur leikið gróðurþekjuna grátt, leikur ekki vafi á að framkvæmdir á vegum hersins í seinni heimsstyrjöld og síðar Laxalóns vegna golfvallar valda mestu um að fornleifar hafa horfið af yfirborði jarðar eða glatast með öllu. Sem dæmi má taka að líklega eru rústir Hvammskirkju undir karlateig númer 1, þaðan sem kylfingar slá upphafshögg sitt. Ennfremur hefur bygging sumarbústaða og lagning þjóðveggar raskað fornminjum á jörðinni.

Nú ber ekki svo að skilja að allar markverðar fornleifar séu glataðar, því að margt getur leynst í jörðu. Við þessa fornleifaskráningu hefur verið leitast við að geta allra slíkra staða og jafnvel minja sem ekki er vitað með vissu hvar eru. Er ljóst að heima við bæina og í og við hin fornu tún sem sýnd eru á meðfylgjandi uppdrætti hafa víða staðið byggingar og verður að fara að með fyllstu gát við framkvæmdir á þessum slóðum í framtíðinni.

Á túnakorti frá 1917 eru sýnd sex útihús í Hvammsvík og tíu í Hvammi. Ekki sjást leifar þessara útihúsa í dag. Tóftir sem líklega eru eftir útihús önnur en þau sem sýnd eru á uppdrættinum sjást þó á nokkrum stöðum. Fjórar tóftir (GK-353:052-055) eru 200-300 m vestan við íbúðarhúsið sem nú stendur í Hvammi þar sem bílaslóði greinist í tvennt. Þessar tóftir eru ekki af gömlum mannvirkjum. Þau hafa líklega verið reist um eða eftir síðustu aldamót. Samt sem áður eru rústirnar athyglisverðar minjar um horfna búskaparhætti og sjálfsagt að varðveita þær.

Bæjarhólarinn í Hvammi og Hvammsvík bera báðir vitni um búsetu í langan tíma. Að vísu er búið að ýta hólum í Hvammi nokkuð til og slétta bílastæði og vafalaust hefur nýbygging frá 1932 raskað honum að einhverju leyti. Skurður sem tekinn var í bæjarhólinn í Hvammi haustið 1997 sýndi svo ekki var um villst að þar eru djúp og mikil mannvistarlög allt frá landnámsöld.

Þá er rétt að benda á að leifar sels (GK-353:027) og eyðibýlisins Naglastaða (GK-353:014) eru ekki þekktar en gætu komið fram við jarðrask. Ekki er vitað hvort þetta er einn og sami staður, en líklegt er að þessi mannvirki hafi verið í jörðinni miðri, sennilega annaðhvort niðri við sjó eða á mótum mýrlendis og þurrlendis uppi í brekkunni. Á því svæði er fyrirhuguð skógrækt og væri nauðsynlegt að kanna sérstaklega slíka reiti áður en gróðursett er í þá. Lýsingin á rústum Naglastaða frá byrjun 18. aldar gefur tilefni til að ætla að þar geti verið mjög forn byggingaleifar.

Fjárrétt við Sauðhól, sunnan við Þjóðveginn (GK-353:016), skammt austan við heimreiðina að Hvammsvík, Bessastekkur við Selveitu (GK-353:037) og gerði (GK-353:059) í sunnanverðum Hvammshöfða eru áhugaverðar rústir.

Réttin við Sauðhól er frá þessari öld, en þar er náttúrulegt aðhald og líklegt að staðurinn hafi verið notaður á sama hátt um aldir. Hleðslurnar eru hrundar, en þeirra sjást enn merki.

Bessastekkur er einföld tóft en hún stendur á rústahól þar sem greinilega eru eldri mannvirkjaleifar undir og sést í garða utanmeð tóftinni.

Gerðið er mjög stór hringlaga rúst og hafa verið fjögur hólf utan í henni sunnanverðri. Rústin er mjög gróin og sýnist forn. Vernda ber bæði réttina og gerðið og er síðarnefndi staðurinn áhugavert rannsóknarefni.

Rúst er við golfteig númer 7 (GK-353:017) og tvær rústir við teig númer 8 (GK-353:039 og 057). Huga þarf að varðveislu þessara rústa, þær hafa orðið fyrir hnjaski og eru í mikilli hættu vegna stöðugs átroðnings.

Fiskbyrgið í Draganesi (GK-353:022) er ákaflega lítilfjörlegt orðið, en það var reist á þessari öld. Ekki er unnt að sjá önnur merki um sjósókn frá Hvammi en þessa rúst.

Samantekt

Aðalrústasvæði jarðanna er heima við bæina, bæjarhólarnir sjálfir og leifar útihúsa. Nálega ekkert af þessum mannvirkjum er lengur sýnilegt á yfirborði og verður þess vegna ávallt að hafa sérstaka gát við hvers konar jarðrask þar og leita samráðs við fornleifafræðing áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir. Svæðið þar sem telja verður miklar líkur á að fornleifar finnist er merkt á meðfylgjandi uppdrætti.

Fyrir utan bæjarstæðin og hin gömlu tún hafa varðveist nokkrar tóftir og þó sumar þeirra séu harla óglöggar og margar ekki gamlar er sjálfsagt að varðveita þær.

Lagt er til að rétt við Sauðhól, Bessastekkur og gerði í sunnaverðum Hvammshöfða verði kynnt gestum sérstaklega, t.d. með upplýsingaskiltum á staðnum, en látið nægja að merkja aðra minjastaði á uppdrætti.

Fyrir utan bæjarhólana sjálfa væri vert að rannsaka meint kirkjustæði (GK-353:002), Bessastekk og gerðið í Hvammshöfða.

Í landi jarðanna eru miklar og óvenjuvel varðveittar minjar úr seinni heimstyrjöld og er full nauðsyn á að kynna þær minjar fyrir gestum sem þangað koma.

Heimildaskrá

Alþ.Í.: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

Daníel Danielsson: *Í áföngum*, Reykjavík 1937.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Friðþór Eydal: *Vígdrekar og vopnagnýr*, Reykjavík 1997.

ÍF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I-XIV*, Kaupmannahöfn 1913-43, Reykjavík 1990.

Landamerkjalyfing Hvamms og Hvammsvíkur. Landamerkjabók Kjósarsýslu.

Sýslumaðurinn í Reykjavík.

Loftljósmynd AM 10001/I-I/012. Landmælingar Íslands.

SSGK: *Sýslulýsingar og sóknalýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III),
Reykjavík 1937-39.

SturlR: *Sturlungasaga I*, Reykjavík 1946

Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófata*, 2. útg., Reykjavík 1950,

Túnakort. Hvammur og Hvammsvík í Kjósarsýslu. Þjóðaskjalasafn Íslands.

Örnefnalýsingar Hvamms og Hvammsvíkur, eftir Einar Jónsson á Morastöðum, Ara
Gíslason sem hafði eftir Brynjólfi Einarssyni á Hvalfjarðarströnd, Magnús
Eiríksson bónda í Hvammsvík 1933-42 og 1945-47, og athugasemdir við þær
eftir Kjartan Þorkelsson á Akranesi og Gísla Andrésson á Neðra Hálsi.
Örnefnastofnun.